

Foreldrafélag Álftanesskóla

Aðalfundur 22.05.17

Auður S. Arndal, formaður Foreldrafélagsins, setur fundinn og kynnir fundarritara og fundarstjóra. Margrét Lilja Magnúsdóttir er fundarstjóri og Selma Dagbjört Guðbergsdóttir fundarritari. Það er samþykkt. Níu fundarmenn eru mættir fyrir utan meðlimi Foreldrafélagsins, skólastjórnenndur og fulltrúa foreldra úr skólaráði.

Formaður Foreldrafélagsins, flytur skýrslu stjórnar.

Umræður fara fram um skýrslu stjórnar.

- Leiðrétting úr sal vegna gjafar til Elítunnar en Elítan fékk borðtennisborð að gjöf en ekki poolborð.
- Spurning kom úr sal um hvernig stækkun skólans gangi. Auður verður fyrir svörum og segir að Foreldrafélagið muni halda áfram að þrýsta á bæjarstjórn vegna stækkunar. Stækkun komin inn á fjárhagsáætlun og eru 80 milljónir áætlaðar í verkefnið. Sveinbjörn skólastjóri segir að búið sé að dagsetja fund með arkitektum og skólastjórn Álftanesskóla. Hann lýsir því að ný viðbygging verði ca 1500 fm sem muni tengja íþróttahús og skólahús. Breytingar á starfsstöðvum innanhúss. Bókasafn færirst til og Frístund og umræður eru í gangi um frekari breytingar. Sveinbjörn þakkar Foreldrafélaginu fyrir þeirra þátt í framgangi verkefnisins.
- Sveinbjörn tekur upp umræðu um Páskabingó Foreldrafélagsins sem fram fór í vor. Hegðun margra barna var ekki til fyrirmyndar og skemmdir voru unnar á eignum skólans. Hann spyr hvort breyta þurfi fyrirkomulagi Páskabingósins. Engar ákvarðanir teknar um það að svo stöddu. Lagt í hendur næstu stjórnar Foreldrafélagsins. Spurning kemur úr sal hvort Foreldrafélagið beri ábyrgð á skemmdunum. Sveinbjörn svarar að unnið sé að lagfæringum og það komi í ljós. Skemmd dýna og vagn.

Bergþór Júlíusson, gjaldkeri Foreldrafélagsins, kynnir reikninga félagsins.

Umræður um reikninga fara fram.

- Spurning kemur úr sal varðandi fjáraflanir bekkjanna. Er hver árgangur með ákveðna fjáröflun? Sveinbjörn verður fyrir svörum og segir að það séu ekki allir árgangar með fasta fjáröflun. Telur upp fjáraflanir 6., 7., 9., og 10. bekkjar. Allir árgangar á elsta stigi nema 8. bekkur eru með fastar fjáraflanir. Þetta fyrirkomulag er tilkomið vegna árlegra ferða árganganna, s.s. ferðar á Reyki í 7. bekk, ferðar á Laugar í 9. bekk og útskriftarferðar 10. bekkjar. Að hans mati er það undir foreldrum komið hvort settar séu í gang fjáraflanir á hverju ári. Þær eiga ekki að verða verkefni stjórnar

Foreldrafélagsins. Bergþór segir að fjáraflanirnar gagnist foreldrum vel og létti undir fjárhagslega. Hann leggur til að bekkjarfulltrúar haldi sjálfir lítið bókhald yfir fjáraflanir bekkja sinna. Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, fyrrverandi formaður Foreldrafélagsins, tekur til máls úr salnum og segir að ætlunin með því að gjaldkeri Foreldrafélagsins haldi utan um söfnunarreikninga ákveðinna árganga hafi verið sú að losa foreldra undan því að halda utan um einkareikninga. Bekkjarfulltrúar eiga að halda utan um innkomu fjáraflana og skila tölum til gjaldkera Foreldrafélagsins í lok hvers skólaárs með skýringum um inneign allra nemenda árgangsins. Alls ekki ætlast til að stjórn Foreldrafélagsins haldi utan um þessi skýringarblöð. Ákveðnar fjáraflanir voru settar upp af Foreldrafélagi til að efnaminni foreldrar eigi auðveldara með að senda sín börn í ferðirnar. Ef foreldrar vilji setja upp fleiri fjáraflanir eru þær á þeirra ábyrgð.

- Tekið fram að 7. bekkur eigi inni peninga hjá skólanum vegna þess að greitt var fullt gjald vegna ferðar. Bekkjarfulltrúar verða að fylgja þessu máli eftir.
- Steinunn Sigurbergisdóttir, deildastjóri, segir að farið verði fyrir að Laugum næsta vetur og þá verður hægt að hrista hópinn saman fyrir veturinn. Páskabingóið, fjáröflun 9. bekkjar, verður ekki nýtileg í þá ferð vegna þess hversu snemma verður farið.
- Reikningar lagðir til samþykktar. Samþykktir með lófaklappi.

Kosning til stjórnar

- Þeir sem hætta í stjórn eru Auður S. Arndal, formaður stjórnar, Hafrún Þorvaldsdóttir meðstjórnandi, Selma Dagbjört Guðbergisdóttir meðstjórnandi og Eva Lind Vestmann meðstjórnandi.
- Fjögur sæti eru laus í stjórn. Tveir fundarmenn bjóða sig fram og tilkynna um áhuga tveggja til viðbótar sem ekki eru staðsettir á fundinum. Allir fjórir samþykktir með lófaklappi. Nýir stjórnarmenn eru eftirfarandi:
 - Sigurður Sigmarsson (foreldri í 4. bekk).
 - María Fjóra Björnsdóttir (foreldri í 3., 5. og 9. bekk).
 - Ólöf Ösp Guðmundsdóttir (foreldri í 1., 5., og 7. bekk).
 - Bjarnís Tómasdóttir (foreldri í 3. og 6. bekk).

Kosning til skólaráðs og skoðunarmanns reikninga

- Sveinbjörn talar um hvernig raðað er í 9 manna skólaráð.
- Sú sem hættir í skólaráði er Ásta Leonhardsdóttir, fulltrúi foreldra. Þóroddur Björgvinsson býður sig fram í stað hennar. Það er samþykkt með lófaklappi.
- Skoðunarmaður reikninga hættir, Kristján Jón Jónatansson. Margrét fundarstjóri tilkynnir um áhuga Ingólfs Th. Bachman og hann er samþykktur sem nýr skoðunarmaður reikninga.

Önnur mál

- Auður og Anna María Snorradóttir, varaformaður stjórnar, færa skólanum gjöf fyrir hönd Foreldrafélagsins. Sveinbjörn tekur á móti gjöfinni sem er 100 þúsund króna gjafabréf sem nota á til sófakaupa fyrir unglingadeildina.
- Fyrir hönd foreldra þakkar Margrét fundarstjóri fráfarandi stjórn fyrir störf sín. Fráfarandi stjórnarmönnum eru færð blóm. Auður tekur til máls og þakkar sérstaklega fyrir sig.

Fundarstjóri segir aðalfundarstörfum lokið og kynnir erindi kvöldsins. Erna I. Pálsdóttir, aðstoðarskólastjóri, tekur við og talar um nýtt námsmat.